



**SKOÐUN** Framsókn seldi okkur drauminn um Ísland á ný, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **15**



**MENNING** Ísak Freyr Helgason er á leiðinni til Cannes og St. Tropez að farða stjórnurnar. **26**



**SPORT** Grindavík varð Íslandsmeistari í körfubolta karla eftir sigur á Stjórnunni í háspennuleik. **22**

ASUS ZENBOOK™

HÖNNUN  
HRAÐI  
FEGURÐ

tl.is

TÖLVU LISTINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

29. apríl 2013  
99. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



**MYNDA RÍKISSTJÓRN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, mundaði símann sinn til að taka myndir er leiðtogar flokkanna hittust í sjónvarpsal á kosninganótt. Líklegast er að talið að Sigmundur og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, semji um ríkisstjórnarmyndun á næstu dögum. Forsetinn hittir flokksformenn í dag. **FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL**

## Beðið eftir Sigmundi og Bjarna

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks liggur í loftinu. Engar formlegar viðræður hafa þó farið fram. Forsetinn hittir formenn flokka í dag. Innan flokkanna er farið að ræða um að skipta ráðuneytum upp og fjölga ráðherrum. Ólíklegt að Framsókn verði utan stjórnar.

### 2013

Framsóknarflokkurinn vann stórsigur í kosningunum á laugardag. Sjálfstæðisflokkurinn er þó stærsti flokkurinn, í prósentum talið, en báðir þessir flokkar hafa 19 þingmenn. Ríkisstjórn þessara tveggja flokka er langlíklegust, en hún er eina tveggja flokka stjórnin sem möguleg er.


Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði við Fréttablaðið í gær að hann vildi biða eftir fundi með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, áður en til formlegra viðræðna kæmi. Forsetinn sagði að í ljósi reynslunnar væri mikilvægt „að ekki sé

bara traustur stuðningur við ríkisstjórnina á Alþingi heldur líka víðtæk sátt í samfélaginu.“

Sigmundur Davíð sagðist myndu láta málefni ráða fyrir þegar að stjórnarmyndun kæmi. Niðurstaðan sýndi að þjóðin vildi forgangsraða í samræmi við áherslur Framsóknarflokksins og hann mundi ekki hvika frá áherslum sínum í skuldamálu heimilanna.

„Það fer alfarið eftir því hverjir eru tilbúnir til að vinna með okkur að þessum málum sem við settum á oddinn í kosningabaráttunni,“ segir hann um mögulega samstarfsflokka.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálf-



stæðisflokksins, segir hins vegar eðlilegt að láta reyna á tveggja flokka stjórn. „Ég er alveg tilbúinn til að leiða hana, en ég gef mér ekkert í því.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að innan flokkanna sé gert ráð fyrir að saman náist um stjórn. Þegar sé gert ráð fyrir því að fjölga ráðherrum um tvo. Það verði gert með því að skipta velferðar-ráðuneytinu upp og hafa heilbrigðismálin sér, sem og innanríkisráðuneytinu eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Allt bíður þó þess að samið verði um hvor verði forsætisráðherra, Sigmundur Davíð eða Bjarni.

- kóp / sjá síður 2 til 12

Spennandi saga frá Færeyjum um riddara ... álfastelpur ... og DREKA

Veidda vind

GEISLA-DISKUR FYLGIR

www.forlagid.is

### FRÉTTIR



#### Stærsta tapið

Samfylkingin setti Íslandsmet í fylgistapi í kosningunum. Flokkurinn tapaði 56,7% fyrir fylgis. **12**

**Flestir á fimmtugsaldri** Af þeim sem náðu kjöri í alþingiskosningunum eru 36 prósent á fimmtugsaldri. Aðeins þrír þingmenn eru innan við þriggja. **4**

**Skar telpu á háls** Grunnskólapiltur réðst á ókunnuga níu ára stelpu og reyndi að skera hana á háls með hnífi. **2**

**Yngstu börnin Svarti-Pétur** Fimleikaáhugi hefur sprengt utan af sér húsnæði Gerplu í Kópavogi sem að óbreyttu getur ekki hleypt yngstu iðkendunum áfram næsta haust. **2**

SHALDOR 14

Bolungarvík	-2°	NA	4
Akureyri	-3°	N	7
Egilsstaðir	-2°	N	9
Kirkjubæjarkl.	3°	N	5
Reykjavík	0°	NA	7

**LÉTTIR TIL** Í dag verða víða norðan 8-15 m/s, hvassast allra austast. Léttir víða til en stöku el NA-til. Kólnar í veðri. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**  
Fasteignir | Fólk

FÓLK grótt apríl

LANDMARK FASTEIGNIR IS

100% þjónusta = árangur

ARSALIR KÓPAVOGI Eign í sérflokki í Garðabæ

FRAMANDI TROPICAL-BOOST

½ lítið Fersku- og hindberjaskyr.is  
½ lítið Jarðarberjaskyr.is  
½ banani sneið af ananas  
1-2 matskeið kókos  
6-8 ísmolar

www.skyr.is



## SPURNING DAGSINS



Eldar, hvort varstu ánægðari með þingkosningarnar eða EVE-kosningarnar?

„Það er erfitt að segja, en ég leyfi mér að vona að við eigum fyrir höndum Bjarta framtíð, fyrir bæði Ísland og EVE-heiminn.“

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP, sat á lista Bjartrar framtíðar og kom einnig að kosningum í sýndarheimi leiksins EVE Online.

Minnst 377 eru látnir eftir að verksmiðja hrundi til grunna í Dakka höfuðborg Banglades:

# Eldur braust út í rústum fataverksmiðjunnar

**BANGLADESS** Eldur braust í gær út í rústum fataverksmiðjunnar í Banglades sem hrundi í síðustu viku. Verkfæri bjögumarmanna sem reyndu að bjarga konu úr rústunum orsökuðu eldinn sem var fljótur að breiðast út enda nóg af eldfimu efni í rústunum. Ekki tókst að bjarga konunni.

Minnst 377 manns eru taldir af eftir að fataverksmiðjan, sem er í Dakka, höfuðborg Banglades, hrundi á miðvikudaginn. Þrjú þúsund manns voru þá við störf í verk-

smiðjunni en líkurnar á að finna einhvern á lífi núna fara minnkandi með hverri mínútnni að sögn bjögumarmanna.

Verksmiðjueigandinn var handtekinn á landamærum Indlands er hann reyndi að flýja land en alls hafa sex manns verið handteknir vegna hrunsins, þar af tveir verkfræðingar. Mótmæli hafa átt sér stað í Dakka meðal verksmiðju-starfsmanna í kjölfar slyssins og krefjast þeir meðal annars betri aðstæðna og kjara.

-áp



**HANDTEKINN** Eigandi verksmiðjunnar sem hrundi í Banglades á miðvikudag var handtekinn um helgina er hann reyndi að flýja land. Minnst 377 eru látnir.



**BAÐST LAUSNAR** Jóhanna Sigurðardóttir baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt á Bessastöðum í gær og skaut svo út og inn í bíl, fram hjá blaðamönnum sem biðu hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Forsetinn íhugar hver skuli fá stjórnarmyndunarumboð:

## Fundar með formönnum í dag

**STJÓRN MÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra gekk í gær á fund Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, og baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt í kjölfar kosningaósigurs stjórnarflokkanna.

Ólafur Ragnar tilkynnti á blaðamannafundi í kjölfarið að hann hygðist í dag funda með fulltrúum allra flokka sem náðu kjöri á þing og ákveða í kjölfarið hverjum hann mundi fela stjórnarmyndunarumboð. Það verður að líkindum annaðhvort formaður Sjálfstæðisflokksins eða Framsóknarflokksins.

Forsetinn sagði að í ljósi reynslunnar væri mikilvægt „að ekki sé bara traustur stuðningur við ríkisstjórnina á Alþingi heldur líka víðtæk sátt í samfélaginu“.

-sh

22 handteknir í Nýju-Delí:

## Nauðguðu og skáru sex ára stúlku á háls

**INDLAND** Tuttugu og tveir eru í haldi lögreglu í Delí á Indlandi eftir að sex ára stúlku var nauðguð á almenningssalerni og hún skorin á háls. Árásin átti sér stað á laugardag í útjaðri borgarinnar og var farið með stúlkuna á spítala þar sem hún gekkst undir aðgerð á hálsi og kynfærum.

Yfirheyrslur standa yfir mönnum og segir lögreglustjórnin Ajay Chaudhary að lögreglan sé staðráðin í að finna hinn seka.

Skotárás við ráðuneyti:

## Ný ríkisstjórn sór eið á Ítalíu

**ÍTALÍA, AP** Ráðherrar í nýrmyndaðri ríkisstjórn á Ítalíu söru embættiseið í gær. Enrico Letta er forsætisráðherra landsins. Greidd verða atkvæði um stuðning við nýja ríkisstjórn á morgun.

Á sama tíma og ráðherrarnir söru embættiseið skaut maður tvo lögregluþjóna fyrir utan forsætisráðuneytið. Annar lögreglumannanna er alvarlega særður, en hinn minna. Maðurinn hefur sagst hafa ætlað að skjóta stjórnsmálmenn, en þar sem hann sá enga slíka hafi hann ákveðið að skjóta lögreglumennina í staðinn.

-þeb

# Yngstu börnin þurfa að hætta hjá Gerplu

Formaður fimleikafélagsins Gerplu segir að sum yngstu börnin verða látin hætta fái ekki meira húsnæði til að anna vaxandi aðsókn. Gerpla vilji fá tíma í öðrum íþróttahúsum Kópavogsbæjar en fái ekki þó hvatt sé til betri nýtingar í bæjarstjórn.

**ÍPRÓTTIR** „Að öllu öðru óbreyttu er útlit fyrir að við munum þurfa að vísa hluta af yngstu iðkendum félagsins frá ef þeir vilja halda áfram hjá okkur á næsta ári,“ segir Jón Finnboogason, formaður Íþróttafélagsins Gerplu í Kópavogi.

Gerpla hefur frá því í fyrra sumar óskað eftir því við bæjaryfirvöld í Kópavogi að fá aðgang að öðrum íþróttahúsum bæjarinnar en því sem félagið hefur til afnota í Versölum. Jón segir að þótt aðstaðan í Versölum sé frábær þá sé áhuginn á fimleikum mun meiri en svo að Gerpla geti tekið við öllum sem vilja komast að.

Í bréfum til bæjaryfirvalda frá því síðastliðið haust kemur fram að eitt þúsund börn bíði eftir að geta byrjað að stunda fimleika hjá félaginu. Sum þeirra hafi beðið í þrjú ár.

Að sögn Jóns má meðal annars rekja sprenginguna til samsetningar Kópavogsbúa með tilkomu nýrra hverfa í bænum. Mikið sé af börnum í Kópavogi. „Ég er alls ekkert viss um að við stöndum frammi fyrir sama vandamáli eftir tíu ár,“ bendir Jón á. Hann segir að leysa mætti vandann nú með því að hleypa Gerplu inn í íþróttahúsin Smáran eða Kórin. Í bæjarstjórn hafi einmitt verið rætt um að nýta þau hús betur.

„Bæjarstjórnin segist hvetja íþróttafélögin til að nýta húsin betur. Ef mönnum finnst léleg nýting á íþróttahúsum þá getum við leyst þann vanda. Hleypið okkur bara inn í íþróttahúsin og nýtingin mun snarbatna,“ segir Jón, sem kveður bæinn ekki enn hafa svar-



**FIMLEIKAFÓLK HJÁ GERPLU** Barnaspengja í Kópavogi og aukinni áhugi á fimleikum hefur orðið til þess að Gerpla getur langt í frá tekið við öllum sem vilja stunda íþróttina hjá félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ

að fyrrnefndum erindum frá því í haust og ekki léð máls á því að hleypa Gerplu í Smáran eða Kórin nema í staka tíma sem ekki gagnist. Skýringin sé einföld:

„Smárin er fyrir Breiðablik og Kórin er fyrir HK, það er bara pólitísk ákvörðun. Það er ekki sagt beint við okkur en það er augljóst og það sjá allir,“ segir Jón. Húsnæðisekkan muni bitna mest á þeim börnum í flokki þriggja til fimm ára sem ættu að óbreyttu að færast upp um flokk næsta haust. „Yngstu börnin æfa á sunnudögum. Við sex ára aldur færast þau yfir á virka daga en aðstaðan er algjörlega sprungin á þeim tímum. Við þurfum bæði að vísa frá fólki



„Ef mönnum finnst léleg nýting á íþróttahúsum þá getum við leyst þann vanda.“

Jón Finnboogason, formaður Gerplu í Kópavogi

sem vill koma til okkar og er á biðlista og ef við sjáum ekki talsvert brottfall hjá yngstu iðkendunum núna í sumar þá munum við þurfa að vísa þeim frá,“ segir formaður Gerplu.

gar@frettabladid.is

Nú ára stúlka var heilan dag á spítala eftir árás veiks unglingspilts:

## 16 ára piltur skar telpu á háls

**LÖGREGLUMÁL** Grunnskólapiltur réðst á ókunnuga níu ára telpu á göngustíg í Hafnarfirði á laugardag og reyndi að skera hana á háls með hnífi. Pilturinn hafði verið útskrifaður af Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans sólarhring fyrir árásina.

Stúlkun var á gangi eftir göngustíg við Herjólfsgötu í vesturbæ Hafnarfjarðar síðdegis á laugardag ásamt vinkonu sinni þegar pilturinn, sem er sextán ára gamall og á síðasta ári í grunnskóla, kom aðvifandi, vopnaður hnífi.

Pilturinn greip stúlkuna, hélt henni aftan frá, lagði stóran hníf að hálsi hennar og veitti henni áverka. Nærstætt þar varð vitni að árásinni. Konan rak upp mikið óp sem stökkti piltinum á flótta en maðurinn hljóp hann uppí. Í millitíðinni hafði hann kastað hnífnum í sjóinn.

Stúlkunni var komið á spítala og reyndist vera með talsverðan áverka á hálsi, þó ekki lífshættulegan. Þá var hún með áverka á höndum eftir að hafa gripið til varna gegn árársarmanninum. Hún var útskrifuð í gær og fór til síns heima.

Piltinum var komið rակleidis aftur undir lækni-hendur á geðdeildinni. Hann á við mjög alvarleg



**Á VETTvangi** Stúlkun var á gangi með vinkonu sinni á þessum göngustíg þegar árásin óhugnanlega átti sér stað. Hnífnun kastaði pilturinn í sjóinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

andleg veikindi að stríða og er tæpast sakhæfur, samkvæmt upplýsingum blaðsins. Haft var samband við barnaverndaryfirvöld vegna málsins, enda er pilturinn ekki lögráða.

Hnífurinn sem pilturinn beitti fannst við leit í fjórinni í gær.

-sh

Það sem eyru þín þrjá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# Taktu á móti sumrinu með iPhone

**2.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir iPhone 5!

**iPhone 5** 16 GB  
**119.990 kr.**  
7.290 kr./18 mán.

**iPhone 4** 8 GB  
**69.990 kr.**  
4.190 kr./18 mán.

**1.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir iPhone 4!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**  
**NOVA**





# BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

**Námskynning og ráðgjöf  
Þriðjudaginn 30. apríl kl. 19.00**

**PROMENNT**

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
promennt@promennt.is • promennt.is

www.promennt.is

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

### AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynna þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í fartaskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

### FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

### FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig í að finna bestu fjármögnunarleiðina.

„Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hvern krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.“

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.

Skráning fer fram á vefnum okkar, [www.promennt.is](http://www.promennt.is), og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

### VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námsækni með MindManager 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.
2. hluti: Network+ 50 std.
3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 126 std.
4. hluti: Virtualization 10 std.
5. hluti: MCSA (áður MCITP) 180 std.
6. hluti: Exchange 2013 50 std.
7. hluti: Verkefnadagur/lokaverkefni seinni annar 42 std.

Hefst: **3. september 2013.**

Námskynning og ráðgjöf þriðjudaginn 30. apríl kl. 19.00

Verð án prófa **799.000 kr.**

Verð með 7 alþjóðlegum prófum: **999.000 kr.**

„Mjög spennandi hingað til og hefur komið mér ánægjulega á óvart hversu yfirgripsmikið námið er, en það er mikils virði að kennararnir eru með mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu. Frábært að hafa möguleika á fjarkennslu í beinni útsendingu þegar maður kemst ekki í tíma, og að hafa aðgang að kennurum utan skólatíma. Hlakka til að halda áfram.“

Stígur Snæsson, núverandi nemandi á Framabraut – Kerfisstjórnun



Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.



2013

## PESSI SITJA EKKI LENGUR Á ALPINGI

- Atli Gíslason
- Álfheiður Ingadóttir
- Árni Johnsen
- Ásbjörn Óttarsson
- Ásta R. Jóhannesdóttir
- Birkir Jón Jónsson
- Björgvin G. Sigurðsson
- Björn Valur Gíslason
- Jóhanna Sigurðardóttir
- Jón Bjarnason
- Jónína Rós Guðmundsdóttir
- Lilja Mósesdóttir
- Lúðvík Geirsson
- Magnús Orri Schram
- Margrét Tryggvadóttir
- Möður Árnason
- Ólafur Þór Gunnarsson
- Ólína Þorvarðardóttir
- Ólöf Nordal
- Sigmundur Ernir Rúnarsson
- Siv Friðleifsdóttir
- Skúli Helgason
- Þorgerður K. Gunnaradóttir
- Þór Saari
- Þráinn Bertelsson
- Þuríður Backman

## Vertu með í kvennaleikfimi



• Þrisvar í viku:  
Mán., mið. og fös. kl. 16:30  
Hefst 6. maí  
Þjálfari: Inga María  
Verð kr. 14.900.-

• Tvisvar í viku:  
Þri. og fim. kl. 10:00. Hefst 7. maí  
Þjálfari: Árnás Hulda  
Verð kr. 12.900.-

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík  
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is



## LÉTTUR FISKRETTUR

Guðfubakaður fiskur með kúrbítsteningum, rauðlauk og chili er tilvalinn fyrir fjölskylduna eftir hátíðarmatinn. Úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is.




GLÆNÝR HUMAR

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

OPIÐ LAUGARDAGA

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Möguleg stjórnarmynstur



## Slagurinn mun standa um forystuhlutverkið

Framsóknarflokkurinn mun ekki gefa eftir í skuldamálum heimilanna í stjórnarmyndunarviðræðum. Sjálfstæðisflokkurinn vill samstarf með Framsókn. Engar formlegar viðræður hafnar en þegar er farið að huga að fjölgun ráðherra.

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



Yfirgnæfandi líkur eru á samstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lýst því yfir að hann vilji láta reyna á slíka stjórn, enda sé það eina mögulega tveggja flokka stjórnarsamstarfið. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir flokkinn hins vegar munu láta málefnið ráða för. Hann muni ekki hvika frá stefnu sinni varðandi skuldamál heimilanna.

Engar formlegar viðræður fóru af stað í gær. „Ég ætla nú bara að bíða eftir því að forsetinn fari yfir málin og gefa honum svigrúm til þess og meta svo hlutina í framhaldi, en það hafa ekki farið fram neinar viðræður milli okkar og annarra flokka. Ég geri ráð fyrir því að við bíðum eftir því að hann kalli í okkur,“ sagði Sigmundur Davíð.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tilkynnti í gær að í dag myndi hann hitta formenn allra flokka sem náðu inn á þing og í framhaldi af því ákveða hverjum fyrst yrði veitt umboð til stjórnarmyndunar.

## Hver verður forsætisráðherra?

Heimildir Fréttablaðsins herma að innan Sjálfstæðisflokksins hafi margir hverjir viljað að formaðurinn tæki forystu og kallaði til viðræðna, áður en forsetinn ræddi við alla flokka. Ekki væri eftir neinu að bíða og með því fengi flokkurinn ákveðið forskot í baráttunni um forsætisráðherrastólinn.



HAF SIG TIL Forystumenn flokkanna hittust í umræðum á Stöð 2 í gærkvöldi. Engar formlegar viðræður eru hafnar um stjórnarmyndun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þar liggur í raun mesta spennan. Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn, en úrslitin eru hins vegar þau næstverstu í sögu flokksins. Framsóknarflokkurinn er ótvíráður sigurvegari kosninganna og flokkarnir hafa jafnmarga þingmenn, nítján talsins.

„Ég ætla ekki að stilla því þannig upp á þessum tímamarki,“ sagði Bjarni Benediktsson um það hvort hann ætlaði að krefjast forsætisráðherraembættisins.

## Ráðuneytum skipt upp

Heimildir blaðsins herma að um leið og það skýrist hvor flokkurinn muni leiða ríkisstjórnina verði tiltölulega auðvelt að skipta ráðuneytum niður. Bjarni hefur talað um að skipta velferðarráðuneytinu upp og hafa heilbrigðismálin í sér ráðuneyti.

Verði af því þarf að skipta öðru ráðuneyti upp, eigi flokkarnir að vera með jafnmarga ráðherra, sem er langlíklegast. Þar hafa menn horft til innanríkisráðu-

neytisins eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það er því líklegt að ráðherrar í næstu ríkisstjórn verði tíu talsins.

## Skuldamálin

Fyrst þarf hins vegar að semja um málefnið. Þó ákveðinn samhljómur hafi verið í áherslum flokkanna á skuldamál heimila, var Framsókn með skýrt afmarkaðar tillögur sem enginn hinna flokkanna hefur tekið undir. Að sumu leyti er flokkurinn því einangraður.

Hann er hins vegar sigurvegari kosninganna og getur bæði starfað til hægri og vinstri. Líklega verður fundin einhver leið til að semja um þau mál, hvernig sem hún mun líta út.

Áðrir flokkar en þeir tveir stærstu gera ekki ráð fyrir öðru en að Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur nái saman. Þeir huga varla að öðrum möguleikum fyrir en, og þá ef, siglir í strand hjá þeim.



# VORTILBOÐ

**20-50%**  
afsláttur af öllum heilsurúmum

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

## ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

á 30-40% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing\*

Rafmagnsrúm á verði frá **190.049,-**  
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732,-**

Tvíbreyð heilsurúm á verði frá **129.360,-**  
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497,-**

\* Einungis er greitt 3,5% lántökugjald.

# VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmum eða tókum gamla rúmið upp í nýtt!

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


Vertu örugg/ur.  
Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóbacki?
- Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
  - hryggskekkju
  - brjós-klos
  - samföllnum hryggjaliðum
  - spengdum hryggjaliðum
  - gigt, til dæmis:
  - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**  
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)





2013

## VIÐBRÖGÐ LEIÐTOGANNA

## Pakklátur fyrir traustið

26,7%

Við gleðjumst yfir því að njóta mests stuðnings allra flokka á þinginu og þetta var virkilega spennandi, bæði í aðdraganda kosninganna, vegna þess hve miklar sveiflur voru á fylginu, og síðan alla kosninganóttina. Ég neita því ekki að ég hefði viljað sjá þarna ákveðna þingmenn sem lengi áttu von, enda inni á þingi. En svona er þetta, maður fær ekki allt sem maður biður um í þessu," segir Bjarni Benediktsson. „Ég tel að þegar til allra þátta sé horft þá eigi Sjálfstæðisflokkurinn að vera þakklátur fyrir að fá þetta traust.“



**BJARNI BENEDIKTSSON**  
Sjálfstæðisflokkur

## Þjóðin styður forgangsröðina

24,4%

„Niðurstaðan er auðvitað mikið gleðiefni fyrir okkur. Fyrst og fremst sýnir hún að stór hluti þjóðarinnar telur mikilvægt að forgangsröðin í samræmi við það sem við höfum talað fyrir í þessari kosningabaráttu. Sem betur fer þá þýðir stuðningur við þá forgangsröðun líka að við fáum sterka stöðu til að framkvæma í samræmi við þann vilja," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Hann segir framhaldið skýrast af því hverjir verði tilbúnir til að vinna með flokknum að þeim málum.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**  
Framsóknarflokkur

## Náðum ekki viðspyrnu

12,9%

„Þetta er auðvitað býsna afdráttarlaus niðurstaða. Ríkisstjórnarflokkarnir tapa miklu fylgi og Framsóknarflokkurinn er hinn ótvíræði sigurvegari. Nú vinnum við bara út úr þessari stöðu," segir Árni Páll Árnason. Hann telur úrslitin ekki breyta neinu varðandi sína stöðu. „Þessi mæling var komin fram áður en ég tók við flokknum. Það er hins vegar auðvitað alveg ljóst að við höfum ekki náð viðspyrnu í kosningabaráttunni.“



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**  
Samfylking

## Bjartsýn á framtíðina

10,9%

„Ég er sátt með okkar baráttu og held að sá meðbyr sem við höfum fundið fyrir á síðustu dögum hafi skilað sér. Því ber þó ekki að leyndu að ég hefði viljað fá aðeins meira fylgi. Ég lagði mig aðeins í nótt og þá vorum við með 11,9 prósent og þegar ég vaknaði aftur var fylgið komið niður í 10,9 og ég ákvað því að sofa ekki meira svo það minnkaði ekki um fleiri prósent," segir Katrín Jakobsdóttir. „Við getum hins vegar verið nokkuð ánægð með baráttuna og góðan anda í hópnum. Ég er bjartsýn á framtíðina, þó við hefðum viljað meira.“



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**  
Vinstri græn

## Himinlifandi með úrslitin

8,3%

„Við erum himinlifandi með úrslitin, förum inn með góðan þingflokk og erum staðráðin í að hafa góð áhrif í samræmi við okkar áherslur," segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar. „Við förum hátt í könnunum í janúar og það var okkur mikilvægt því svo fór samkeppnin að harðna og þá var ansi gott að vera búin að stimpla sig inn. Við vissum að það yrði ekki einfalt að koma stjórn málafla inn á þing – það voru margir sem reyndu það. Við erum ánægð með það að hafa náð sex mönnum inn.“



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**  
Björt framtíð

## 5% reglan út í hött

5,1%

„Ég er mjög þakklát og bjartsýn fyrir hönd Pírata að okkur hafi tekist að setja heimsmet með að koma Pírötum á þjóðþing. Það þýðir að æ fleiri sjá að þessi nýja áhersla og nýir tímar í stjórn málafla er eitthvað sem kjósendum finnst mikilvægt," segir Birgitta Jónsdóttir, kaptainn hjá Pírötum. „Það sýndi sig hins vegar með mjög afgerandi hætti hvað þessi 5% regla er út í hött. Það hefði getað farið svo að hátt í 20% þjóðarinnar fengju ekki sína fulltrúa á þing, sem er ótrúlegt og mikill lýðræðishali.“



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**  
Pírataflokkur

## Kjörsókn ekki verið slakari í sjötíu ár

Kjörsókn hefur ekki verið lakari í þingkosningum í rúm 70 ár. Próffessor í stjórnmálafræði segir það ekki koma á óvart en fjöldi framboða hafi líklega híft kjörsóknina aðeins upp. Töluvert var um útstrikanir í Reykjavík og Suðurlkjördæmi.

Kjörsókn í kosningunum á laugar-dag var 81,4 prósent og hefur kjörsókn í þingkosningum ekki verið lélegri frá því á fyrri hluta síðustu aldar. Mest var kjörsóknin í Norðvesturkjördæmi, 83,6 prósent en minnst var hún í Reykjavíkurbjördæmi norður, 78,9 prósent.

Grétar Þór Eypórssson, próffessor í stjórnmálafræði, segir laka kjörsókn ekki koma sér á óvart. Hann telur tengsl á milli lélegrar kjörsóknar í síðustu sveitarstjórnarkosningum og í alþingiskosningunum nú. „Það var þá sem traustið á stjórnmálunum fór lengst niður og það hefur ekki jafnað sig neitt almennilega síðan. Og við erum líka búin að sjá farsa í kringum þinglokinn um daginn, sem var kannski ekki til að bæta þarna úr. Hins vegar held ég að fjöldi framboða hafi tósáð kjörsóknina upp á móti þessu.“

Töluvert var um útstrikanir í Reykjavíkurbjördæmunum tveimur. Katrín Theodórsdóttir, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavík norður, sagði í gærkvöldi að yfirkjörstjórn myndi skila skýrslu í dag og þá komi í ljós hverjir voru strikaðir mest út og hvort útstrikanir hafi haft einhver áhrif. Fimm framboðendur í kjördæminu voru mikið strikaðir út. Sveinn Sveinsson, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavík suður, tók í svipadan streng og sagðist vonast til þess að hægt yrði að greina frá útstrikunum í dag.

Í Suðurlkjördæmi var einnig nokkuð um útstrikanir, eða á um þúsund kjörseðlum. Mest var strikað út hjá Sjálfstæðisflokknum og oftast var Ásmundur Friðriksson strikaður út. Það er þó ekki talið muna hafa nein áhrif.

Lítið var um útstrikanir í Norðvestur- og Norðausturkjördæmunum



**Á KJÖRSTAÐ** Kjörsókn hefur ekki verið lakari í þingkosningum í rúm 70 ár. Í Reykjavík norður var kjörsókn 78,9%.

## Dauðu atkvæðin aldrei fleiri

Tæplega tólf prósent atkvæða fóru til flokka sem ekki náðu mönnum á þing. „Það hefur aldrei áður verið svona mikið um dauð atkvæði, allavega eftir að hlutfallskosningar voru teknar upp. Það er hluti af þessari óánægju og mótmælaöldu sem gengur yfir að fólk er tilbúið að sýna óánægju sína í verki með því að kjósa framboð, jafnvel þó það sé engar horfur á því að þau fái kosningu," segir Gunnar Helgi Kristinsson, próffessor í stjórnmálafræði.

12%

Atkvæða fóru til flokka sem ekki náðu sæti á þingi.

ad sögn yfirkjörstjórna þar. Flestir efstu menn á listum í Norðausturkjördæmi voru strikaðir út auk þess sem nokkrir strikuðu yfir Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi ráðherra, sem var í heiðursæti hjá Framsóknarflokknum í kjördæminu. Ekki hafa fengist upplýsingar um útstrikanir í Suðvesturkjördæmi.

## MEST ÞÁTTTAKA Í NV-KJÖRDÆMI

Kjörsókn eftir kjördæmum

Norðvesturkjördæmi	83,6%
Norðausturkjördæmi	83,4%
Suðvesturkjördæmi	82,4%
Suðurlkjördæmi	81,8%
Reykjavík suður	80,1%
Reykjavík norður	78,9%
Alls	81,4%

Kjörsókn síðustu þingkosninga

2009	85,1%
2007	83,6%
2003	87,7%

www.volkswagen.is



Tiguan Sport & Style kostar aðeins frá  
**6.180.000 kr.**

Volkswagen Tiguan

## Fágaður ferðafélagi

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.

Fullkomið leiðsögukerfi fyrir Ísland



Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði





# CUBE 2013 hjólin komin

Pýsk gæði á góðu verði

TILBOÐ



**Fjallahjól** Aim V-Brake black'n'white  
67.493 kr. 13,5 kg.



Aim disc 26 gray'n'red  
99.990 kr. 13,85 kg.

40% afsláttur



Reaction SL  
259.000 kr. 10,8 kg.



**29-er** Aim 29  
94.990 kr. 13,95 kg.



Attention 29  
179.990 kr. 13,7 kg.

CARBON



Reaction GTC Pro 29  
349.990 kr. 11,9 kg.



**Hybrid** LTD CLS black white print  
95.990 kr. 13,2 kg.



LTD CLS Pro gray red print  
129.990 kr. 13,5 kg.



Curve Pro Lady  
159.990 kr. 13,4 kg.



**Racer** Peloton  
189.990 kr. 9,1 kg.



Peloton Pro  
229.990 kr. 9 kg.

CARBON



Agree GTC  
299.990 kr. 8,7 kg.

Öll 2013 hjól með **10%** tollalækkun

6 mánaða vaxtalausar afborganir



2013

VIÐBRÖGÐ LEIÐTOGANNA



**SIGURREIFUR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, þakkar stuðninginn á kosningavöku á laugardagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Áfellsdómur yfir kerfinu 3,1%**

„Við erum frekar svekkt. Við undirbyggjum okkur vel og byggjum á gömlum grunni. Það komst greinilega ekki nægjanlega vel til skila,“ segir Margrét Tryggvadóttir hjá Dögun. „Það voru margir um hituna og erfitt fyrir ný framboð að kynna sig og aðgreina. Fjölmíðlar voru misduglegir að sinna þeim. Þetta er áfellsdómur yfir kosningakerfinu. Eitt af því sem við vildum breyta var að afnema þennan fimm prósentu þróskuld.“ - gar



**MARGRÉT TRYGGVA-DÓTTIR**

**Áttum erfitt uppdráttar 3,0%**

„Eins og mörg ný framboð áttum við erfitt uppdráttar,“ segir Pétur Gunnlaugsson, formaður Flokks heimilanna. „Aðstöðumunurinn milli gömlu flokkanna og nýrra framboða er mikill. Það er erfitt þegar skoðanamyndandi kannanir eru birtar rétt fyrir kosningar. Þráttarnir komust inn og það er ánægjulegt. Að öðru leyti höfum við gamla fjórflokkinn og Bjarta framtíð. Sægreifarnir fagna sigri og við fáum enga nýja stjórnarskrá.“ - gar



**PÉTUR GUNNLAUGSSON**

**Unum dómi kjósenda mjög vel 2,5%**

„Úrslit í lýðræðislegum kosningum eru ævinlega fagnaðarefni, ekki af því að þau sé endilega rétt heldur af því að þau eru óvafengjanleg,“ segir Þorvaldur Gylfason, vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar. „Kjósendur felldu sinn dóm og honum unum við. Þeir flokkar tveir sem hrósa sigri gáfu loforð sem er ógerlegt að efna, ég tala nú ekki um ef reynt verður að efna þau bæði í einu. Það er ástæða fyrir fólkið í landinu að hafa varann á sér.“ - gar



**ÞORVALDUR GYLFASSON**

**Vonsvikinn fyrir hönd fólksins 1,7%**

„Ég er aðallega vonsvikinn fyrir hönd fólksins í landinu, að það hafi ekki viljað þiggja lausnirnar okkar fyrir það sjálft,“ segir Kjartan Örn Kjartansson, oddviti Hægra grænna í Reykjavík norður. „Það hafa að vísu nokkrir flokkar tekið upp frá okkar stefnuskrá, eins og að hugsa um heimilin og taka á hrægömmunum, en ég er ekki viss um hvernig það mun koma út fyrir fólkið. Af því höfum við mestar áhyggjur.“ - gar



**KJARTAN ÖRN KJARTANSSON**

**Berst áfram með fólkinu 1,0%**

„Mér sjálfum fannst kosningabaráttan ákaflega gefandi og skemmtileg. Hvarvetna í kjördæminu sem ég fór fann ég nú sem áður mikinn hugmyndafræðilegan samhljóð með íbúnum,“ segir Jón Bjarnason, formaður Regnbogans. „Ég mun áfram sem hingað til berjast með fólkinu í landinu fyrir hugsjónum mínum og baráttumálum og leita þeim stuðnings á nýjum og öðrum vettvangi en úr ræðustól Alþingis.“ - gar



**JÓN BJARNASON**

**Ætla að bjóða aftur fram 0,2%**

„Við erum ótrúlega glöð og þakklát þeim 326 sem kusu okkur. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á landsbyggðinni þó við höfum bara boðið fram í einu kjördæmi,“ segir Ylfa Mist Helgadóttir, oddviti Landsbyggðarflokksins. Ylfa segir að starf Landsbyggðarflokksins sé nú fyrst að hefjast. „Næst munum við bjóða fram í öllum landsbyggðarkjördæmunum hið minnsta.“ - kh



**YLFA MIST HELGADÓTTIR**

**Ekki kostur í moldviðrinu 0,1%**

„Okkar atkvæði voru frekar fá en góð,“ segir Methúsalem Þórisson, talsmaður Húmanista. „Við erum að endurreisa flokkinn eftir hlé og í þessu moldviðri sá fólk okkur ekki sem raunhæfan kost. Það hefur í raun ekki mikið breyst. Þetta er bara eins og var fyrir hrún. Þessi atkvæði sem menn kalla dauð munu ekki verða dauð ef þeir sem fengu þau halda áfram sínu starfi. Og við höldum ótrauð áfram.“ - gar



**METHÚSALEM ÞÓRISSON**

**Áhrif langt út fyrir hópinn 0,1%**

„Tölur gefa ekki mikla vísbendingu um okkar styrk og möguleika,“ segir Þorvaldur Þorvaldsson, oddviti Alþýðufylkingarinnar. „Ólíkt mjög mörgum öðrum vorum við framboð sem var byggt á sólíð stefnuskrá en ekki hamrað í kring um einhverja einstaklinga sem töldu sig hafa eitthvert sérstakt persónufylgi. Okkar atkvæði eru af mestu gæðum sem völ er á. Okkar áhrif ná langt, langt út fyrir þennan hóp.“ - gar



**ÞORVALDUR ÞORVALDSSON**

**Kosningarnar bara aukaatriði 0,1%**

„Lýsingardómurinn stendur upp úr eftir þetta en kosningarnar eru bara aukaatriði,“ segir Sturla Jónsson, oddviti K-lista. Lýsing var á fimmtudag dæmd til að endurgreiða viðskiptavinum fyrirtækisins rúmlega 680 þúsund krónur sem hann hafði ofgreitt vegna bílasamnings. „Með dómnum er tekið á verðtryggingunni sem ég er búinn að vera að berjast fyrir í þrjú ár. Kosningaúrslitin eru æðisleg en dómurinn er enn þá betri.“ - kh



**STURLA JÓNSSON**

Vistvænar rekstrarvörur

- fyrir þig og umhverfið

Án þess að nota BIOTECH

Eftir 10 daga með BIOTECH

Eftir 30 daga með BIOTECH

**Engin ólykt**

**Engar stíflur í klósetti**

**Engar stíflur í frárennislögnum**

**BIO TECH** BIOTECH pappírinn frá Papernet er frábær nýjung sem kemur í veg fyrir ólykt á salernum, hindrar stíflur í klósettum, heldur frárennislögnum hreinum og hraðar niðurbroti í rotþróum.

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



SKINKA



KJÚKLINGAÁLEGG REYKT



SPÆGIPYLSA



HUNANGSSKINKA

SILKISKORIÐ ÁLEGG FRÁ GOÐA

- gott á brauðið, í salatið eða bara eitt og sér!



-alltaf góður



IBTGCAI2802

**TOPPLYKLASETT 28 STK.**

1/2" 8 - 32 mm  
Frömlenging með LED ljósi  
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk

Fullt verð 15.520

IBTGADW4101

**TOPPA OG BITASETT.**

41 stk. 1/4" toppar 4 - 14mm  
Djúpir toppar 5 - 13mm  
Frömlengingar  
Skrall og bitar  
Sterk plasttaska



**5.900** m/vsk

Frábært verð

IBTGCAI130B

**TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.**

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lyklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbitar og fl.  
Sterk plasttaska



**26.900** m/vsk

Fullt verð 37.900

IBTGCAI094R

**TOPPA, OG BITASETT 94 STK.**

1/4" 4 - 14 mm  
1/2" 10 - 32 mm  
Bitar og fl.  
Sterk plasttaska



**16.900** m/vsk

Fullt verð 25.230

IBTGCAI4601

**TOPPLYKLA, OG BITASETT 46 STK.**

1/4" 4 - 14mm  
Bitar og toppar  
Frömlengingar  
Sterk plasttaska



**6.900** m/vsk

Frábært verð

IBTGAAI5801

**SKRÚFJÄRN OG BITASETT 58 STK.**

Stjörnu og slétt.  
Bitar, bitahaldarar,  
hosuklemmujárn og fl.  
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk

Fullt verð 14.685

**283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM**

7 Skúffur  
1/4", 3/8" og 1/2" topplykasett  
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,  
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,  
splittatangir, tangir, bitar og fl.  
Sterkur vagn með lás



**179.900** m/vsk

Okkar besta verð

IBTDJAC0106

**6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.**

6" Opnun



**16.900** m/vsk

Fullt verð 29.299

IBTJGAI4001

**SNITTAPPA OG BAKKASETT 40 STK.**

Tappar og bakkar  
Snittappar M3 - M12  
Snittbakkar M3 - M12  
Gengjuteljari, snittappasveif  
og snittbakkasveif



**9.900** m/vsk

Frábært verð



# Sögulegt tap hjá stjórnarflokkunum

Samfylkingin setti Íslandsmet í fylgistapi og stjórnarflokkarnir guldu báðir afhroð í kosningunum. Sjálfstæðisflokkurinn fékk næstverstu útkomu í sögu sinni. Framsóknarflokkurinn er ótvíræður sigurvegari kosninganna. Icesave-úrskurðurinn sneri fylgi flokkanna.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**  
kolbeinn@frettabladid.is



Kosningarnar á laugardag voru sögulegar um margt. Aldrei hafa fleiri atkvæði fallið dauð, kosningabátttakan er sú minnsta eftir síðari heimsstyrjöld og fjöldi framboða var mikill. Ljóst er að þjóðin hefur hafnað leið stjórnarflokka og stjórnarandstaðan hefur fengið skýrt umboð.


Þó Sjálfstæðisflokkurinn geti að mörgu leyti ágætlega unað við útkomuna, sérstaklega í ljósi þess hve lágt hann hafði mælt í könnunum, er þetta engu að síður næstversta kosning í sögu hans. Hann bætir við sig 2,8 prósentustigum frá kosningunum 2009, sem voru þær verstu í sögu flokksins.

Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórnmálafræði segir niðurstöðuna að mörgu leyti áfall fyrir flokkinn, þar sem hann hafi verið fjögur ár í stjórnarandstöðu.

„Venjulega hefur flokknum tekist vel upp í stjórnarandstöðu og komið sterkur til baka eftir vinstri stjórnir, oft með 35 og jafnvel upp í 40 prósent, en það er aldeilis ekki að gerast núna. Það er alveg hægt að segja á þeim grundvelli að það er langt í land hjá flokknum.“

Gunnar segir enga einfalda skýringu á slæmri stöðu flokksins. Margir sjálfstæðismenn séu reiðir yfir því að ekki hafi verið farið í nógu rækilegt uppgjör eftir hrundi og það hafi verið óeining um forystu flokksins. „Það er langt í frá að flokkurinn virki samhentur og sameinaður undir traustri forystu.“

## FYLGFI FJÓRFLOKKSINS Í ALPINGISKOSNINGUM



### Lík staða og 1995

Framsóknarflokkurinn vann stórsigur og bætti við sig 9,6 prósentustigum. Þetta er besta kosning flokksins síðan 1979. Gunnar Helgi bendir á að staðan sé að mörgu leyti svipuð og 1995, þegar flokkurinn fékk 23,3 prósent fylgi undir forystu nýs formanns, Halldórs Ásgrímssonar. Fylgisdreifingin sé svipuð og þá og sagan sýni að það fylgi var ekki fast í hendi, en flokkurinn tapaði tæpum fimm prósentustigum í næstu kosningum á eftir, 1999.

„Fylgið er með svipuðu mynstri, hvað varðar dreifingu á landsvæði eins og verið hefur í góðum kosningum flokksins. Hann á auðvitað mjög langt í land að vinna stöðugt fylgi hérna á þéttbýlissvæðinu. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé komið. Fyrir en hann getur gert það, ef það gengur einhvern tímann, má gera ráð fyrir að þetta verði frekar laust fylgi sem getur tapast fljótt.“

Gunnar segir skýra fylgni með Icesave-úrskurði EFTA-dómstólsins og fylgisaukningar Framsóknar. Þá hafi vindar snúist með flokknum og fylgið komið.

„Það er bara svo einfalt. Það er sá tímunktur nákvæmlega sem það gerist, þannig að það er ekki hægt að skýra það með neinu öðru.“ Síðan megi velta því fyrir sér hvaða áhrif úrskurðurinn hafi haft á trúverðuleika stefnumála flokksins, en tímunkturinn á fylgissveiflunni sé bundinn við Icesave-úrskurðinn.

### Stjórnarflokkarnir hrundu

Úrslit kosninganna sýna svo ekki verður um villst að þjóðin hafnaði stefnu stjórnarflokka. Fylgið hrundi af þeim og sérstaklega af Samfylkingunni.

Gunnar Helgi segir margt skýra það; óeining hafi verið í ríkisstjórninni, hún hafi færst of mikið í fang og ekki getað lokið verkef-

um. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hafi misst þriðjung þingflokksins á kjörtímabilinu.

„Það er kannski stærsti einstaki þátturinn í úrslitum kosninganna, hrún stjórnarinnar og sérstaklega Samfylkingarinnar, sem er að biða einn mest afgerandi ósigur sem maður man eftir í stjórnmálum.“

Gunnar Helgi segir þetta hafa verri áhrif á Samfylkinguna en Vinstri græn, ekki síst í því ljósi að hún var stofnuð sem hlíðstæða Sjálfstæðisflokksins á vinstri kantinum.

„Annars vegar tapar ríkisstjórnin til stjórnarandstöðu flokka, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, en alveg jafnstórum fylgisbita tapar hún yfir litlu flokkanna. Og út á hvað gengur þeir? Þeir gengu út á breytt viðhorf í stjórnmálum, að bæta hag heimilanna, nýja stjórnarskrá og alla þessa hluti sem ríkisstjórnin hafði í raun og veru lokað, en ekki gengið að standa við, vegna þess að hún var bara að reyna að fást við of marga hluti í einu,“ segir Gunnar Helgi.

### Samfylking án fortíðar

Björt framtíð fékk 8,2 prósent fylgi og sex þingmenn. Gunnar Helgi segir flokkinn mjög nálægt Samfylkingunni í afstöðu til margra mála.

„Hún var svolítið Samfylkingin án fortíðar og það gerði það að verkum að það var freistandi fyrir margt Samfylkingarfólk að kjósa hana.“

Þráttar náðu inn á þing á lokametrunum og því verða tveir nýir flokkar á Alþingi. „Þráttar eru náttúrulega mjög frumlegt fyrirbæri og það verður mjög forvitnilegt og fróðlegt að fylgjast með þeim. Eg get hins vegar ekki sagt að ég hafi neina skýra mynd af því hvað það muni þýða fyrir íslensk stjórnmál,“ segir Gunnar Helgi.



**UMBODIÐ SKIPTI UM HENDUR** Stjórnarandstaðan fékk skýrt umboð frá þjóðinni í kosningunum á laugardag. Flokkarnir í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur töpuðu stórt. Bjarni Benediktsson fagnar með félögum sínum um kosninganóttina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## FYLGISTAPIÐ VARÐ HJÁ JÓHÖNNU

Gunnar Helgi telur að þrátt fyrir stórtap séu formenn stjórnarflokka nokkuð öruggir í sessi, enn um sinn. Katrín Jakobsdóttir sé í betri stöðu, margir úr óánægjuliði flokksins hafi þegar yfirgefið hann og innanflokksvandinn þar sé ekki eins mikill og hjá Samfylkingunni.

Par á bæ sé erfitt að kenna Árna Páli um fylgistapið og hann sé nýbúinn að fá skýrt umboð í formannskosningu. Þá séu engir augljósir kandidatar í flokknum sem hægt sé að segja að staðið hefðu sig betur en hann, eða geti gert tilkall til formennsku.

„Fylgið var komið niður á þann stað sem það er núna, þegar Árni Páll var kjörinn formaður. Ef við ætlum að einstaklingsgera þetta eitthvað, þá er það er í raun Jóhanna sem kemur flokknum á þennan stað.“



**JÓHANNA SIGURÐARÐÓTTIR**

## Yngsti kjörni þingmaður Íslandssögunnar: Rosalega fjarlæggt

Jóhanna María Sigmundsdóttir varð um helgina yngsti kjörni þingmaður Íslandssögunnar. Hún er 21 árs, fædd í júní 1991.

Hún segist ekki hafa búist við því að ná kjöri á þing þegar hún tók fjórða sætið á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. „Aldrei – þetta var alveg rosalega fjarlæggt,“ segir Jóhanna María, sem er bóndi frá Látrum í Ísafjarðardjúpi. Hún lauk námi við Bændaskólann á Hvanneyri í fyrra. Hún er nú formaður Sambands ungra bænda.

„Þetta er svolítið stórt fyrir mann,“ segir hún, spurð hvernig sé að vera yngsti kjörni þingmaðurinn í sögu landsins og hrifsa þann titil af

Gunnari Thoroddsen, sem var 23 ára og 177 daga gamall þegar hann komst fyrst á þing 1934.

„Ég held að þetta sé gott forðæmi fyrir unga fólk og sýni að við getum alveg látið í okkur heyra og skipt sköpum,“ bætir hún við og segist líklega munu vinna fyrst og fremst í samræmi við stefnu síns flokks. Hún sjái ekki fyrir sér að hún muni skera sig mjög úr í málefnaáherslum þrátt fyrir ungan aldur.

Jóhanna verður þó ekki yngsta manneskjan sem tekið hefur sæti á þingi þegar hún sest þar í haust, þá 22 ára. Varþingmaðurinn Víðir Smári Petersen á það met – hann var 21 árs og 319 daga. -sh



## Fjölbreytt tónlistarnám

Nýi tónlistarskólinn auglýsir eftir umsóknum um nám í skólanum fyrir skólaárið 2013-2014.

Forskóli fyrir 6 til 8 ára börn, suzuki-fiðla, fiðla, selló, píanó, þverflauta, gítar og einsöngur.

Upplýsingar á nyitonlistarskolinn.is og í síma 553-9210 frá 13-18.



**Nýi tónlistarskólinn**  
Grensásvegi 3



# Sumarið er komið í umferð hjá okkur - en hjá þér?

**Þjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði**

## Fáðu aðstoð fagmanna við val á dekkjum

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna vitum að mikill eðlis- og gæðamunur er á milli þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar, víða um land, við val á dekkjum.  
**- Það er öruggast.**



**TOYO TIRES**  
driven to perform



**MAXXIS**



**BF Goodrich**  
TAKE CONTROL




**INTERSTATE**  
TIRES



**Nesdekk - Dekk, smur og smáviðgerðir**  
Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110  
Reykjavík • Grjóthálsi 10 • Sími: 561 4200  
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333



**Bílabúð Benna - Dekkjaþjónusta**  
Reykjavík • Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045  
www.benni.is • Þjónustuborð: 590 2000



**Umboðsmenn um land allt**





Boltinn er hjá stjórnarandstöðuflokkunum:

## Afgerandi úrslit

Sjaldgæft er að kosningaúrslit séu jafnafgerandi og þau sem nú liggja fyrir eftir þingkosningarnar í fyrradag. Stjórnarflokkarnir biðu algjört afhroð og njóta nú stuðnings innan við fjórðungs kjósenda. Þau „hugmyndafræðilegu vatnaskil“ sem þáverandi formaður Vinstri grænna boðaði fyrir kosningarnar 2009 voru ekki varanleg. Tilraun til að reka harða og hreinræktaða vinstri-pólitík á Íslandi féll ekki í kramið hjá kjósendum.

